

Nd.

555. Frumvarp

til laga um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Meðan innflutningur á saltfiski er takmarkaður til eins eða fleiri markaðslanda, skal við útflutning fiskjarins greiða sjóðgjald, er nemi kr. 5.00 á skipund til jafnaðar af öllum verkuðum fiski, nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski (nr. 3 og 4), en af þeim fiski greiðist kr. 2.00 á skipund. Af óverkuðum fiski, þar með talinn þvegin og pressaður fiskur, nemi sjóðgjaldið kr. 20.00 á smálest, nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski greiðist kr. 5.00 á smálest.

Um innheimtu á sliku sjóðgjaldi skulu gilda ákvæði laga nr. 70 27. júní 1921, eftir því sem við getur átt, en að öðru leyti skal með sérstakri reglugerð ákveða nánar um skiptingu sjóðgjaldsins á tegundir af verkuðum fiski, nema á ufsa, keilu og úrgangsfiski samkvæmt undanfarandi málsgrein, reikningsskil, endurskoðun, endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessara laga o. fl.

2. gr.

Tekjum þess sjóðs, sem þannig kann að myndast, skal varið, eftir því sem með þarf, til þess að efla, tryggja og auka fiskmarkaði, til verðjöfnunar, og til annara nauðsynja í þágu saltfiskverzlunar landsmanna á þann hátt, er ríkisstjórnin ákveður.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal skipa sjóðnum 9 manna stjórn, þannig: Atvinnumálaráðherra skipar 1 mann, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar. Hinir stjórnarmennirnir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þeirra fjögurra þingflokka, sem nú skipa Alþingi, þannig, að hver þingflokkur tilnefnir 2 menn. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna og starfstíma þeirra og setur reglugerð um starfsemi þeirra.

4. gr.

Nú verður afgangur af tekjum sjóðsins, eftir að þeim hefir verið varið samkvæmt 2. gr., og skal þá skipta því fé, sem ónotað er, milli saltfiskútflytjenda í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett eru samkvæmt 1. gr., varða sektum allt að 200 kr. fyrir hvert tonn fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.